



# Fréttabréf Brekkuskóla

3. september 2014  
1. töl. skólaárið 2013 - 2014  
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Hér getur að líta fyrsta fréttabréf skólaársins. Skólastarfið hefur farið vel af stað og eru nemendur greinilega tilbúnir að takast á við verkefni sem fyrir liggja. Við byrjum skólastarfið á því að vera svolitíð útivið, bæði í íþróttatímum og á útivistardaginn 4. september.

Margir vinir hafa ekki sést síðan í vor og því eru fagnaðarfundir hjá þeim nú í upphafi skólaársins. Fjöldi nemenda er um það bil 470 sem skiptist nær alveg jafnt á milli kynja.

Fyrirhugaðir eru kynningarfundir fyrir foreldra í september og foreldranámskeið hafa verið sett á í þremur árgöngum í október. Morgunmóttökum hefur verið fækkað og eru nú eingöngu settar á eftir áramót.

Starfsfólk Brekkuskóla tekst á við fjölbreytt verkefni í skólastarfinu. Eitt þeirra felur í sér áframhaldandi inleiðingu á nýrri aðalnámskrá. Sjónum er nú á haustdögum sérstaklega beint að sex þáttum lykilhæfni nemenda í öllum námsgreinum sem kennarar máta við námsáætlanir og greina það meginþema sem aðalnámskráin endurspeglar. Ljóst er að endurskoða þarf m.a. námsmat í grunnskólum og framhaldsskólum með tilliti til aðalnámskrárinnar sem í orðræðunni er nefnt "hæfnimiðað námsmat".

Við erum með þó nokkra nýja starfsmenn hjá okkur þetta haustið. Þeir eru: Elin Auður Ólafsdóttir og Hulda Frímannsdóttir umsjónarkennarar í 1. bekk, Sigþór Atli Björnsson umsjónarkennari í 3. bekk, Friðrik Ragnar Friðriksson umsjónarkennari í 4. bekk, Rósa Hrefna Gísladóttir stuðningskennari í 4. - 6. bekk, Brynhildur Kristinsdóttir smíðakennari, Heiðís Björk Gunnarsdóttir umsjónarkennari í 6. bekk, Hanna Skúladóttir umsjónarkennari í 8. bekk, Halldór Logi Valsson skólalíði, Helena Björnsdóttir aðstoðarmatráður, Einnig hefur verið gengið frá ráðningu húsvardar og það er Jón Eymundur Berg. Við bjóðum nýliðana velkomna til starfa í Brekkuskóla sem og alla nýja nemendur og foreldra þeirra.

Með kveðju úr skólanum!

## Greiðsluseðlar frá Akureyrarbæ

Akureyrarbær hefur hætt að senda út greiðsluseðla vegna leikskólagjalda, skólafæðis og frístundar. Innheimtutröfur munu því eftirleiðis eingöngu birtast í heimabönkum.

Í þessu sambandi er minnt á íbúagáttina [eg.akureyri.is](http://eg.akureyri.is), sem veitir bæjarbúum aðgang að ýmsum gagnlegum viðskiptaupplýsingum með einföldum og aðgengilegum hætti. Íbúar hafa þar rafrænan aðgang að öllum sínum reikningum sem koma frá sveitarfélaginu.

Þessi breyting er liður í að auka hagkvæmni í rekstri og gera ferlið um leið umhverfissvænna m.a. með minni pappírnotkun.

Hægt er að óska sérstaklega eftir því að fá sendan greiðsluseðil og þarf þá að senda tölvupóst á netfangið [fjarreidur@akureyri.is](mailto:fjarreidur@akureyri.is) eða hafa samband við fjarreiðudeild í síma 460-1000.

## Hafragrautur alla morgna

Boðið er upp á hafragraut í matsal Brekkuskóla alla skóladaga kl. 07:45 - 08:00

NORDPLUS



Brekkuskóli í samstarfi við einn grunnskóla í **Lettlandi** og annan í **Noregi** hafa fengið styrk frá Nordplus til að læra og þróa aðferðir við nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Samstarfsaðilar hafa gert með sér framkvæmdaáætlun til tveggja ára. Nú í upphafi munu nemendur í 7. bekk hanna "logo" fyrir verkefnið og komið verður á rafrænum tengslum milli nemenda 7. bekkja í samstarfsskólunum þremur.

Tveir kennarar úr Brekkuskóla, Helena og Margrét Þóra, fara til Lettlands 23. -29. september næstkomandi. Þá ætla nemendur í Lettlandi að kenna kennurum Brekkuskóla og frá Noregi hvernig þau nýta mismunandi smáforrit í námi sínu. Kennarar miðla í þessari heimsókn sín á milli hvernig þeir nýta ýmsan hugbúnað við skipulag og kennslu. Verkefnið er einn hluti þróunarverkefnisins "Rafrænt nám í Brekkuskóla".

### Brekkuskóli

v/Skólastíg  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
[www.brekkuskoli.is](http://www.brekkuskoli.is)

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

## Viðburðadagatal og matseðill - september 2013

1.	2. Kjötþúðingur, kartöflur, grænar baunir, rauðkál og ávextir	3. Ýsa/silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	4. Kjöt í karrý, hrísgrjón, salat og ávextir <b>Útivistardagur</b>	5. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	6. Kraftsúpa, brauð, álegg, salat og ávextir	7.
8.	9. Fiskibollur, kartöflur, salat og ávextir	10. Kjöt og kjötsúpa, og ávextir	11. Grænmetisréttur, hrísgrjón, brauð og ávextir <b>Knattspyrnumót 8. - 10.b</b>	12. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	13. Gúllas, kartöflur, grænmeti og ávextir	14.
15.	16. Snakkýsa, kartöflur, salat og ávextir	17. Lasagne, salat og ávextir <b>Kynningarfundur fyrir foreldra í 2. og 3. bekk kl. 08:00</b>	18. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir <b>Kynningarfundur fyrir foreldra í 4. bekk kl. 08:00</b>	19. Grjónagrautur, slátur, grænmeti og ávextir <b>Kynningarfundur fyrir foreldra í 6. og 7. bekk kl. 08:00</b>	20. Píta, grænmeti, sósa og ávextir <b>Kynningarfundur fyrir foreldra í 9. og 10. bekk kl. 08:00</b>	21.
22.	23. Hakk, spaghetí, brauð, salat og ávextir	24. Fiskiklattar, kartöflur, sósa, salat og ávextir	25. Lambasteik, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	26. Tómat/karrý fiskur, kartöflur, grænmeti og ávextir	27. Rjómasúpa, brauð, álegg, salat og ávextir	28.
29.	30. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, grænmeti og ávextir	<b>Foreldranámskeið fyrir foreldra í 1., 5. og 8. bekk verða í október. Sjá nánar annars staðar í blaðinu.</b>				

Þann 4. september verður útivistardagur í Brekkuskóla. Dagskrá útivistardags má finna á vefsíðu skólans og í netpósti frá skólanum. Á útivistardaginn verður verkefninu "Göngum í skólann" hleypt af stokkunum í sjöunda sinn. Markmið verkefnisins er að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ferðast með virkum og öruggum hætti í skólann.

### 10 góð ráð sem mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn hafi í huga og fræði börnin sín um:

- Æfum leiðina í og úr skóla með barninu
- Veljum öruggustu leiðina í skólann - ekki endilega stystu
- Leggjum tímanlega af stað
- Setjum einfaldar og fáar reglur sem barnið á að fara eftir
- Kennum barninu að fara yfir götu, með og án ljósastryngar
- Verum sýnileg, notum endurskinsmerki
- Notum reiðhjólshjalm, bæði börn og fullorðnir
- Notum viðeigandi öryggisbúnað í bifreið, bæði börn og fullorðnir
- Tökum tillit til annarra vegfarenda, sérstaklega í nánd við skóla
- Förum eftir leiðbeiningum skólans um umferð á skólasvæðinu



"Mikilvægt er að ökumenn taki sérstakt tillit til þessara nýju vegfarenda og virði hraðatakörk. Þar sem keyra verður börn í skólann er nauðsynlegt að huga að því hvar börnum er hleypt út úr bílnum og að það sé ekki gert þar sem hætta geti skapast".

Sótt af vef Samgöngustofu 28. ágúst 2013

## Viðurkenning skólanefndar

Fimmtudaginn 27. júní boðaði skólanefnd Akureyrarbæjar til samkomu í Menningarhúsinu Hofi þar sem veittar voru ýmsar viðurkenningar. **Hafðís Haukdal nemandi í 7. bekk Brekkuskóla hlaut viðurkenningu** fyrir dugnað og framfarir í námi sínu.



Þetta var í fjórða sinn sem skólanefnd stendur fyrir samkomu sem þessari, en hún er í samræmi við áherslur í skólastefnu bæjarins. Óskað var eftir tilnefningum frá starfsmönnum, skólum og foreldrum um nemendur og starfsmenn eða verkefni sem talin voru hafa skarað fram úr í skólastarfi. Valnefnd sem skipuð var fulltrúum frá skólanefnd, samtökum foreldra og Miðstöðvar skólaþróunar HA fór yfir allar tilnefningar og gerði tillögu til skólanefndar.

### Skólaakstur - Innbær

Í skóla:

07:35 Hafnarstræti / Keiluhöll

07:36 Aðalstræti / Brynja

07:38 Aðalstræti / Duggufjara

07:41 Aðalstræti / Minjasafn (SVA)

Aðalstræti / Naustafjara

07:50 Laugargata Brekkuskóli

Úr skóla:

13:30 frá Laugargötu Brekkuskóla



## Foreldrar og skóli

Nú á haustdögum eru fyrirhugaðir **kynningarfundir fyrir foreldra í 2., 3., 4., 6., 7., 9. og 10. bekk**. Þeir verða haldnir sem hér segir:

2., 3. þriðjudaginn 17. sept. kl. 08:00 f.h.

4. bekkur - miðvikudaginn 18. sept. kl. 08:00 f.h.

6. - 7. bekkur - fimmtudaginn 19. sept. kl. 08:00 f.h.

9. - 10. bekkur - föstudaginn 20. sept. kl. 08:00 f.h.

Stjórn forlðrafélagsins hvetur foreldra til að skipuleggja foreldrastarfið í vetur og nýta sér foreldramöppu árganganna sem skólinn afhenti í fyrra til stuðnings foreldrastarfinu.



**Foreldranámskeið 1 - 5 - 8** verða haldin sem hér segir:

**1. bekkur** - 7. okt. kl. 16:30 - 18:30 og 15. okt. kl. 16:30 - 17:30

**5. bekkur** - 8. okt. kl. 16:30 - 18:30 og 16. okt. kl. 16:30 - 17:30

**8. bekkur** - 9. okt. kl. 16:30 - 18:30 og 14. okt. kl. 16:30 - 17:30

Í fyrra skiptið verður boðið upp á súpu og brauð í matsal eftir námskeiðið.

Þessi námskeið eru ætluð foreldrum í 1., 5. og 8. bekk. **Foreldrar þessara árganga fá senda dagskrá og fundarboð í netpósti þegar nær dregur.**

**Morgunmóttökur** verða nú ekki fyrir en á vorönn, en þá kynna

## Lúsarskömm

Um lúsarskömm í lokkaflóði læt ég núna hugann reika. Mett er sú af mannaflóði meðan frjáls þar fær að leika.

Nærast hún og náðugt hefur nitina við hárin festir. Verða eftir viku betur voða margir slíkir gestir.

Sápubrúsa ber við loft börnum á að kember, þvo. Í lokkum lúsaskammir oft leynast þúsun, það er svo.

Viltu hafa í hári þínu hraustan flokk af gráum lúsum? Eða rata að ráði mínu og reka þær úr þínum húsum?

Pétur Halldórsson foreldri í Brekkuskóla

